

Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn I

Skýrsla um uppgröft 1995

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS005:95011
Reykjavík 1995

Efnisyfirlit

I. Inngangur	bls. 3
II. Uppgröftur í Nesi 1995	bls. 6
II. A Skurður ND	bls. 7
Aðferðir	bls. 7
Staðsetning	bls. 10
Yfirlit um gang uppgraftarins	bls. 10
Lýsing mannvistarleifa í skurði ND	bls. 11
Gripir	bls. 21
II. B Skurður NE	bls. 22
III. Ritaðar heimildir um kirkju	bls. 24
IV. Ritaðar heimildir um kirkjugarð	bls. 28
V. Samantekt og niðurstöður	bls. 30
Viðhengi A: Fundaskrá	bls. 33
Viðhengi B: Sýnaskrá	bls. 38
Viðhengi C: Skrá um frumgögn úr uppgrefti	bls. 38
Heimildir	bls. 41

Myndaskrá

1. Yfirlitsmynd um fyrri rannsóknir og fornleifafundi við Nesstofu.	bls. 4
2. Staðsetning skurðar ND.	bls. 9
3. Langsnið skurðar ND. Suðurhlið.	bls. 14
4. Grunnmynd 1. Mannvirki í skurði ND.	bls. 14
5. Grunnmynd 2. Hrun og laust grjót í skurði ND.	bls. 14
6. Krítarpípubrot Nes95081:A.	bls. 15
7. Skipurit (Harris matrix) er sýnir afstöðu contextanna í ND.	bls. 16
8. Einfölduð sniðteikning af ND sem sýnir dreifingu gripa pr m ³ .	bls. 21
9. Staðsetning skurðar NE.	bls. 23
10. Endurgerð staðsetning kirkjugarðs í Nesi.	bls. 31

Skrár og töflur

Context skrá	bls. 12-13
Tafla sem sýnir tegundir gripa í ND, fjölða þeirra og hlutfall í hverju contexti	bls. 22

I. Inngangur

Um nokkurt skeið hefur athygli manna beinst að menningarminjum í kringum Nesstofu á Seltjarnarnesi. Í stofunni starfar læknaminjasafn og við hlið hennar hefur risið hús með safni lyfjafræðinga. Söfnin og stofan sjálf - sem er eitt af elstu húsum á Íslandi - hafa ýtt undir áhuga á sögu staðarins og eft skilning á að varðveita og rannsaka þær minjar sem enn leynast þar í jörðu. Íbúðarbyggð er nú komin fast austan að stofunni og eru aðeins um 65 metrar milli hennar og vestasta einbýlishússins. Svæðið vestan við stofuna og vestur í Seltjörn er hinsvegar óspilt með öllu og hefur bæjarstjórn Seltjarnarness ákveðið að gera það að útvistarsvæði. Í flestum tillögum um skipulag útvistarsvæðisins er gert ráð fyrir kynningu menningarminja sem þar eru á einn eða annan hátt.¹

Hringmynduð gerði í túninu vestan við Nesstofu hafa vakið athygli eftir að loftmyndir birtust af þeim í blöðum² og árið 1993 gróf Kristinn Magnússon í eitt þessara gerða og komst þá að því að það er manngert en að öðru leyti verður lítið sagt um hlutverk þeirrar girðingar.³ Á tímabili var einnig áhugi á að kanna bæjarhólinn sem stofan stendur á og var árið 1982 grafinn líttill könnunarskurður í gólfí stofunnar. Umfangsmeiri rannsókn var gerð árið 1989 en þá gróf Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsisson þrjá könnunarskurði vestan og austan við stofuna. Vilhjálmur gróf í gegnum 2,5 metra af mannvistar�ogum og sýndi fram á samfelda byggð á svæðinu frá því skömmu eftir að hin svokallaða landnámsgóska féll eða um 871.⁴ Einnig komu í ljós 2 metra þykk mannvistar�og í skurði við fjósið þar sem safn lyfjafræðinga er nú, þannig að ljóst má vera að allur hóllinn sem stofan stendur á er samsettur úr mannvistarleifum. Í tengslum við rannsókn Vilhjálms voru tekin sýni af dýrabeinum og þau greind af amerískum fornvisfræðingum. Niðurstöður þeirra voru að varðveislusklilyrði fyrir beinaleifar væru mjög góð við Nesstofu og að bæjarhóllinn gæti geymt mikilvægar vísbendingar um breytingar á matarræði, og þar með í efnahagslifi, frá landnámi og fram á 19. öld.⁵

Árið 1994 gekkst Rótarýklúbbur Seltjarnesbæjar fyrir jarðsjármælingum austan við Nesstofu. Markmið þeirra mælinga var að staðsetja kirkjugrunn sem menn töldu að væri á opna svæðinu austan við stofuna. Á grunni þeirra mælinga voru settar fram kenningar um þrjú rústasvæði austan við Nesstofu og að hið austasta væri kirkjugrunnurinn.⁶ Þar sér raunar móta fyrir ferhyrndri tóft með útbyggingu til austurs í túninu og komið hafa í ljós grafir bæði norðan og sunna við þessa byggingu. Árið 1979 komu í ljós þrjár beinagrindur í hitaveituskurði sunnan

¹ Finna tilvísanir.

² Síðast í Morgunblaðinu 28. maí 1995.

³ Kristinn Magnússon 1993.

⁴ Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson 1990.

⁵ Amorosi & McGovern 1992.

⁶ Sigurjón P. Ísaksson & Þorgeir Helgason 1994.

við Neströð, fast norðvestan við norðvesturhúshorn á Neströð 7.¹ Við viðgerð á sömu hitaveitulögnum í febrúar 1994 var aftur komið niður á bein á þessum stað.² Í ágúst 1980 var einnig komið niður á mannabein um 6 metra vestan við suðvesturhúshorn á Neströð 7 þegar verið var að taka grús.³ Sá fundur var ekki kannaður og voru beinin sett aftur niður á svipuðum slóðum. Árið 1983 kom í ljós allmikil hrúga af beinum á um 1-1,5 metra dýpi í norðvesturhorni lóðarinna Nesbala 68 sem er rétt innan (norðan) við túngarðinn eins og hann hesur legið áður en byggt var á svæðinu. Ekki var um að ræða heilar beinagrindur og er ekki víst hvort um var að ræða mannabein eða dýra. Fundurinn var ekki kannaður og voru beinin látin niður aftur þar sem þau höfðu komið í ljós.⁴

Árið 1994 ákvað bæjarstjórn Seltjarnarness að veita fé til fornleifarannsókna við Nesstofu næstu þrjú árin. Af hálfu bæjarins leitaði Jens P. Hjaltested til Orra Vésteinssonar fornleifafræðings um að taka að sér þessar rannsóknir. Að ráði varð að gera sumarið 1995 forkönnun til að athuga hversu vænlegt væri að ráðast í umfangsmiklar fornleifarannsóknir við Nesstofu og gera áætlanir um hvernig slíku verki yrði best háttað. Jafnframt yrðu gerðar frumathuganir sem nýst gætu sem undirbúningur undir frekari uppgröft og sem grunnur undir aðrar athuganir og áætlanir um nýtingu og skipulag svæðisins.

Markmið athugana sumarið 1995 voru nánar skilgreind þannig:

- a) Að afla heimilda um og gera nákvæmt kort yfir minjar kringum Nesstofu.
- b) Athuga vísbandingar um staðsetningu og umfang meintrar kirkjutóftar og kirkjugarðs austan Nesstofu og kanna ástand leifanna m.t.t. heildaruppgraftar.
- c) Leggja mat á minjagildi svæðisins í heild og gera tillögur um frekari fornleifarannsóknir þar sem fram munu koma fræðileg markmið, aðferðir, kostnaður og mögulegar tímaáætlanir. Einnig verða gerðar áætlanir um hvernig gera má svæðið aðgengilegra almenningi, bæði meðan á rannsóknum stendur og að þeim loknum.

Vorið 1995 var gerð heimildakönnun um fornleifar kringum Nesstofu og þann 24. júní var hafist handa við uppmælingu á túninu með alstöð. Unnið var að því verki í lotum til 8. júlí. Umsjón með uppmælingu hafði Adolf Friðriksson og er hann ásamt Orra Vésteinssyni höfundur skýrslu um uppmælinguna og fornleifar í túninu kringum Nesstofu *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn III. Skýrsla um uppmælingu á minjum við Nesstofu 1995*.

Í skýrslu þeirri sem hér liggr fyrir verður gerð grein fyrir könnunarskurði sem grafin var austan við Nesstofu sumarið 1995 og niðurstöðum af sýnatöku úr þeim skurði og úr

¹ Guðmundur Ólafsson 1979.

² Kristinn Magnússon 1994.

³ Haraldur Jóhannsson, Neströð 7, pers. comm.

⁴ Birgir Þórarinsson, Skildinganesi 60, Rvk., pers. comm.

könnunarholu sem tekin var í túninu rétt innan við túngarð. Í *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II*. Athugun á ástandi jarðvegs og varðveislusklilyrðum jurta og dýraleifa í Nesi við Seltjörn 1995 eftir Garðar Guðmundsson verður gerð grein fyrir aðferðum sem beitt var við greiningu sýna og niðurstöðum þeirra athugana. Í *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn IV. Tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi*, verða á grunni þeirra athugana sem gerðar voru sumarið 1995 settar fram tillögur um frekari rannsóknir og kynningu á menningarminjum kringum Nesstofu.

Ýmsir veittu aðstoð við rannsóknirnar 1995 og er skylt að þakka Einari Norðfjörð bæjartækniræðingi og Steinunni Árnadóttur garðyrkjustjóra á Seltjarnarnesi fyrir margháttáða hjálp og fyrirgreiðslu, heimilsfólki að Neströð 7, Kristni Magnússyni forstöðumanni Nesstofusafns, starfsmönnum Þjóðminjasafns Guðmundi Ólafssyni og Hildi Gestsdóttur fyrir lán á alstöð, mælingadeild Reykjavíkurborgar fyrir lán á hæðamælingatæki, Ragnari Edvardssyni fornleifafræðingi fyrir teikningu á krítarpípuhaus og Helga Bragasynti ljósmyndara fyrir framköllun og margháttáða aðstoð við ljósmyndir. Þá vill höfundur þakka samstarfsfólki sínu, Adolf Friðrikssyni, Birnu Gunnarsdóttur, Garðari Guðmundssyni, Jóhanni Ásmundssyni og Mjöll Snæsdóttur fyrir ánægjulegt samstarf.

II. *Uppgröftur í Nesi sumarið 1995*

Eitt af meginmarkmiðum rannsóknanna sumarið 1995 var að staðfesta vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar í Nesi. Kirkja sú fauk í Bátsendaveðrinu 1799 en hafði þá nýskeð verið aflögð. Ekki er vitað til að kirkjan hafi staðið á fleiri en einum stað, né er skýrt af úttektum frá 17. og 18 öld hvort kirkjur þær sem byggðar voru 1675 og 1785 voru byggðar á eldri grunnum eða við hliðina á eldri kirkjum. Heimildir eru um að grafið hafi verið í kirkjugarðinum í Nesi til 1813¹ og hefur löngum verið bent á svæðið austan við stofuna sem kirkjustæðið. Gamli torfbærinn í Nesi stóð austan við stofuna en austan við hann hafa ekki risið neinar byggingar svo vitað sé síðan kirkjan fauk.² Grafirnar sem fundust í hitaveituskurði 1979 og vestan við suðvesturhorn Nestraðar 7 1980/81 benda og til að á milli þeirra staða hafi kirkjan verið. Ekki munu hafa komið upp nein mannabein þegar grafið var fyrir grunni íbúðarhússins í Neströð 7 og bendir það til að kirkjugarðurinn hafi ekki náð lengra í austur en það. Á lóðinni vestan við íbúðarhúsið Neströð 7 sést móta fyrir ferhyrndu mannvirki en jarðsjármælingar sem gerðar voru 1994 höfðu bent til að auk þeirrar rústar væru tvö rústasvæði nær Nesstofu.

Með tilliti til þessara vísbendinga var sótt um leyfi til að grafa 20 m langan og 1 m

¹ Heimir Þorleifsson 1991, 310.

² Heimir Þorleifsson, Skólabraut 14, pers. comm.

breiðan skurð vestur úr miðju tóftarinnar á lóð Neströð 7. Skurðurinn var settur þannig að hann myndi geta gefið vísbendingar um hlutverk tóftarinnar á lóðinni, um takmörk kirkjugarðsins vestantil og um eðli "rústar 2" sem jarðsjármælingar höfðu þótt benda til að væri vestan við tóftina.¹ Til vara var sótt um 5 m langan skurð suðaustan við tóftina en ekki var grafið á þeim stað. Þá var einnig sótt um leyfi til að grafa 1x1 m holu í túninu vestan við Nesstofu til að taka sýni sem gefið gætu vísbendingar um jarðlagskiptingu og varðveislusklýrði lfrænna leifa í túninu, en slíkar upplýsingar myndu auðvelda mjög frekari athuganir á hlutverki hringmynduðu tóftanna í túninu.

Fornleifaneftnd veitti leyfi til rannsókna þessara hinn 28. júní 1995 en leyfi landeiganda í Neströð 7 fíkkst ekki. Leyfi annarra landeiganda höfðu öll fengist 3. júlí 1995 og var þá strax hafist handa við að mæla fyrir langa skurðinum sem hér eftir verður kallaður ND, en skurðir þeir sem Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson gróf 1989 voru kallaðir NA, NB og NC. Litla holan sem grafin var í túninu vestan við stofuna verður kölluð NE. Uppgröfturinn hófst 4. júlí og var lokið 11. júlí. Að uppgreftinum unnu auk Orra Vésteinssonar, Adolf Friðriksson og Birna Gunnarsdóttir allan tímann, Mjöll Snæsdóttir nokkra dagsparta en Garðar Guðmundsson sá um sýnatöku. Hér að neðan verður gerð grein fyrst fyrir uppgrefti ND, mannvirkjaleifum lýst og fjallað um lausafundi, síðan fyrir NE en meginumfjöllun um þá holu er í skýrslu Garðars Guðmundssonar *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II.* Þá verður fjallað sérstaklega um vísbendingar um kirkjuna og kirkjugarðinn úr ritheimildum og í ljósi þeirra verður sett fram túlkun á þeim mannvistarleifum sem fram komu við uppgreftinn í Nesi 1995.

II. A. *Skurður ND*

Af skurði þeim sem sótt var um leyfi til að grafa voru tæpir 8 metrar inni á lóðinni Neströð 7 og þar sem leyfi lóðareiganda fíkkst ekki varð að hætta við að athuga hinn meinta kirkjugrunn sem allur er inni á lóðinni. Ákveðið var að engu að sfður mætti fá markverðar vísbendingar um staðsetningu kirkjunnar og vesturmörk kirkjugarðsins með því að grafa upp þann hluta skurðarins sem var vestan við lóðina Neströð 7.

Aðferðir. Langir og mjóir skurðir henta alls ekki til að afla vitneskju um gerð eða hlutverk fornra mannvirkja en þeir geta skorið úr um hvort mannvirkjaleifar eru yfirhöfuð á viðkomandi stað og hvort ástand þeirra og umfang réttlætir frekari rannsóknir. Einnig má að jafnaði reikna með að hægt verði að greina innbyrðis afstöðu mannvistarleifanna m.t.t. aldurs. Með því að grafa mjóan skurð í gegnum mannvistarleifar fæst ekki nema takmarkaður skilningur á eðli leifanna. Með skurðgrefti er tekin sú áhætta að samhengi rofni sem reynst gætu mikilvæg eða jafnvel afgerandi í opnum uppgrefti. Til að minnka þá áhættu var fylgt þeirri reglu við

¹ Sigurjón P. Ísaksson & Þorgeir Helgason 1994, 7.

uppgröftinn í Nesi að grafa aðeins niður að 'föstum' mannvirkjum, þ.e. torf- eða grjóthleðslum, steinalögnum, gólfum og jafnvel öskuhaugum og hreyfa eins lítið við þeim og hægt var. Aðeins var grafið í gegnum 'laus' jarðlög, þ.e. fok- og gróðurmold, hrún og blendingslög sem ekki eru hluti af eiginlegum mannvirkjum og aðeins þeir steinar fjarlægðir sem klárlega voru ekki í hleðslum eða öðrum mannvirkjum. Þá var reynt að hreyfa eins lítið og hægt var við mannabeinum og kistuleifum. Var látið nægja að hreinsa þær leifar nægilega vel fram til að hægt væri að teikna þær og ljósmýnda en ekki var reynt að taka þær upp og var mokað yfir þær aftur að uppgrefti loknum. Þessi aðferð gerir nálega ómögulegt að komast nokkurstaðar niður í óhreyfð jarðlög og gerir skurðinn ákaflega misdjúpan. Með henni fæst góð hugmynd um yngstu (efstu) mannvirkin en tekin er sú áhætta að mjög takmörkuð mynd fáist af eldri mannvistarleifum.


Meginrökin með því að grafa könnunarskurði eru að þeir eru ódýr aðferð með þekktar takmarkanir sem geta svarað afmörkuðum spurningum. Með þeirri aðferðafræði sem hér hefur verið lýst má jafnframt draga mjög úr þeirri hættu að mikilvæg samhengi séu rofin. Skurðir henta best annarsvegar til að skera úr um hvort fýsilegt sé að leggja út í umfangsmiklar rannsóknir á viðkomandi stað og hinsvegar til að svara einföldum rannsóknarspurningum.¹

Á Íslandi hefur ýmsum aðferðum verið beitt við að skrá mannvistarlög og mannvirkjaleifar sem fram koma við uppgrefti. Lengst af voru 'laus' jarðlög ekki skráð skipulega en hin síðari ár hefur í flestum uppgröftum verið haldin jarðlagaskrá samhliða skrá um 'fastar' mannvistarleifar. Fornleifafræðingum er að verða æ betur ljóst hversu mikilvægt er að skilgreina nákvæmlega mörk og umfang mannvistarlagar en aðeins með því að hafa slíkar skilgreiningar á hreinu er hægt að gera sér fulla grein fyrir innbyrðis afstöðu mannvistarleifanna og hafa fullkomna yfirsýn yfir og stjórn á því hvaðan smáfundir koma og hvert samhengi þeirra er við mannvirkin sem verið er að grafa upp. Þessum markmiðum verður aðeins náð með því að hafa heildstætt skráningarkerfi og var notað kerfi sem hannað var í Bretlandi á 8. áratugnum og stundum er kennt við höfund þess Richard Harris. Kerfið hefur áður verið notað við uppgroft á Íslandi á Hofsstöðum í Mývatnssveit 1992.² Kerfið er einfalt og byggir á því að greina jarðlög og mannvirki í minnstu einingar sem skilgreinalegar eru í tíma. Með öðrum orðum er hver eining eða context³ lag eða mannvirki sem orðið hefur til á einum tíma eða safnast saman ótruflað á einu tímabili. Þannig er t.d. torfveggur eitt context þó hann sé byggður úr mismunandi efnum (torf, grjót, moldarfylling) en viðgerð á honum er annað. Öskuhaugur sem verður til smátt og smátt er einnig eitt context svo fremi að hann sé einsleitur, þ.e. að samskonar efni sé í honum öllum. Ef í honum eru innskot úr allt öðrum efnum sem klárlega tengjast ekki

¹ Dæmi um slíkt eru skurðgreftir í Belgsholti í Melasveit, Heynesi og Gerði á Akranesi sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1992, 52-56, og á Hofsstöðum í Mývatnssveit sbr. Adolf Friðriksson 1993.

² Adolf Friðriksson 1993, 9-10.

³ Fullnægjandi þýðing á þessu hugtaki á íslensku hefur enn ekki komið fram.



Mynd 2. Staðsetning skurðar ND. Brotnu línumnar eru lóðamörk. Maðlikvarði 1:500.

öskuhaugamyndun þá eru þau annað context og ef samsetning haugsins breytist á afgerandi hátt þá er honum deilt í fleiri en eitt context. Ekki er gerður greinarmunur á jarðögum og mannvirkjaleifum og er öllum einingunum lýst á sama erfisbundna háttinn. Hvert context fær númer og er sömu atriðum alltaf lýst fyrir öll contextin. Það tryggir að atriði sem á vettvangi sýnast ekki markverð en gætu reynst það seinna komist á blað. Oft eru höfð sérstök eyðublöð til að skrá context en í Nesi var látið nægja að skrá upplýsingar um hvert og eitt í uppgraftardagbók.

Allmargir lausafundir komu í ljós við uppgröftinn í Nesi en svotil allir voru í yfirborðslögum og tengdust þeim mannvirkjum sem í skurðinum sáust ekki nema óbeint. Því var látið nægja að skrá staðsetningu lausafunda eftir contextum. P.e.a.s. hnit eða hæðir á hverjum grip voru ekki mæld heldur var öllum gripum sem fundust í tilteknu contexti á ákveðnu metrabil flokkuð saman. Fundir eins og bein, gler, múrsteinar eða járnaglar á hverju slíku svæði voru síðan settir á eitt númer í fundaskrá þar sem ekki þótti ástæða til að lýsa hverju broti sérstaklega. Keramíkbrot voru því aðeins sett á sama númer að þau væru eins eða úr sama gripnum.

Skurðurinn ND var mældur inn í hnitakerfi Reykjavíkurborgar (sjá hér að neðan) en við uppgröftinn var notað sjálfstætt hnitakerfi og var x 0,00 y 0,00 í því kerfi suðvesturhorn skurðarins. x hækkaði í austur og y í norður.

Fornvistfræði er skammt á veg komin á Íslandi og hafa fornleifafræðingar til skamms tíma lítið beitt slíkum aðferðum við uppgröft. Slíkar aðferðir geta þó reynst afargagnlegar þegar meta á ástand jarðvegs og lífrænna leifa og geta svarað margskonar spurningum um gróðurfar og ræktun til forna, sem og um matarræði og lífsafkomu. Við rannsóknirnar í Nesi 1995 var lögð áhersla á að rannsaka ástand jarðvegs og lífrænna leifa til að auðveldara verði að gera áætlunar um frekari rannsóknir. Er gerð grein fyrir þeim rannsóknum og aðferðum sem við þær beitt í skýrslu Garðars Guðmundssonar *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II*.

Að uppgrefti loknum voru settir skærlitir borðar í botn skurðarins þannig að ef grafið verður aftur á þessum stað ætti að verða auðvelt að sjá hvor hætt var að grafa 1995. Mokað var ofaní skurðinn fyrst með handverkfærum þannig að hulti kistuleifar og grjóthleðslur en síðan var notuð skurðgrafa til að fylla uppí. Grafan eyðilagði grastorfurnar og voru nýjar settar ofaná. **Staðsetning.** Skurðurinn sem grafinn var var 12,20 metrar á lengd og 1 metri á breidd og snéri austur-vestur. Suðvesturhorn skurðarins var á x 25914.814 y 19248.528, norðvesturhornið á x 25914.814 y 19249.528, norðausturhornið á 25902.614 y 19249.528 og suðausturhornið á x 25902.614 y 19248.528 í hnitakerfi Reykjavíkurborgar. Yfirborð skurðarins var á bilinu 12.93 - 12.88 m.y.s. en dýpst var grafið niður á 11.01 m.y.s. en skurðurinn var á endanum mjög misdjúpur.

Yfirlit um gang uppgraftarins. Byrjað var að grafa vestantil og var fyrsta daginn rist ofan

af 4 x 1 metrum og þá strax komið niður á horn af grjótgarði (C3) sem liggur eftir höfuðáttum. 5. júlí var skurðurinn lengdur til austurs fyrst um 4 metra og síðan two metra í viðbót. Þá kom í ljós veggur austarlega í skurðinum (C7) sem hefur sömu stefnu og grjótgarðurinn (C3). 6. júlí var skurðurinn enn lengdur um 2,2 metra og kom þann dag í ljós stétt (C9) meðfram veggnum (C7). 7. júlí var grafið niðurmeð veggnum (C7) austanmeginn og þá komið niður í holrúm eftir gröf og síðan á kistulok þar hjá á um 1,8 m dýpi. Einnig var haldið áfram að grafa niður milli stéttarinnar (C9) og grjótgarðsins (C9) og var þar vestantil komið niður á móöskulag (C12) sem líklega er öskuhaugur frá bænum í Nesi. Þann 8. júlí var grafið niður austan við móöskulagið og þar komið niður á grjótvegg (C21) sem liggur þvert á skurðinn. Vestan við hann var feitt, svart lag (C22) sem hafði öll einkenni gólfss önnur en að það var mjög mjúkt. Þegar hér var komið sögu var orðið erfitt að athafna sig í skurðinum en nægilegar vísbendingar höfðu komið í ljós til að ákvarða vesturmörk kirkjugarðsins og var því ákveðið að láta hér staðar numið. Ekki var unnið sunnudaginn 9. júlí en þann 10. var lokið við mælingar og langsnið skurðarins teiknað. Þann dag var einnig grafið fyrir holunni NE í túninu vestan við stofuna. 11. júlí voru tekin sýni úr bæði ND og NE.

Lýsing mannvistarleifa í skurði ND. Yfir öllum skurðinum var allhreyft en einsleitt moldarlag (C2), sem samanstóð aðallega af feitri og mjúkri gróðurmold. Hún var viðast laus í sér nema yfir veggjunum C3 og C7 þar sem hún hefur troðist harðar. Í grasróttinni (C1) og efstu 5-10 cm af C2 voru svotil engin aðskotaefni og fáir sem engir smáfundir, en þar fyrir neðan var moldin blönduð bæði viðar- og móösku (<0,1 %), viðarkolum (<0,1 %), torfsneplum (<0,5 %) og sandi/grús (< 0,1 %) og miklu af smáfundum. Lífrænar leifar voru nær eingöngu bein og skeljar og voru þau í misjöfnu ástandi en timburleifar voru svotil engar. Vestan við x 6,0 eða þar um bil breyttist moldin á um 36 cm dýpi og varð ljósari og leirbornari og enn lausari í sér, með meira af aðskotaefnum, einkum viðarkolum (<0,5 %), brendum beinum (< 0,1 %) og viðar- og móösku (< 0,5 %) en að öðru leytti jafneinsleit og ofar. Svipað magn var af lausafundum í þessu lagi og lífrænar leifar einnig í áþekku ástandi og ofar. Skilin milli pessa lags og C2 voru skýr þegar grafið var, einkanlega eftir því sem vestar dró í skurðinum, og var ákveðið að gefa því sérstakt númer C4. Þegar sniðið var teiknað urðu skilin hinsvegar ekki greind og verður að teljast álitamál hvort hér er um sérstakt lag að ræða.

Yfir gröfunum C13-19 urðu hvergi greind skil eftir niðurgrefti og var engan mun að sjá á fyllingum í gröfunum og C2 annarsstaðar í skurðinum. Fyllingarnar falla því undir sama númer. Mikið var af ánamaðkum í skurðinum og er þeim án nokkurs vafa um að kenna hversu einsleitt C2 (+C4) er. Ánamaðkar geta flutt gríðarmikið magn af jarðvegi og hér hafa þeir afmáð öll ummerki um lagskiptingu niður á um 0,5 - 0,6 m dýpi vestan við C7-9 og enn dýpra yfir gröfunum, en fyllingin í þeim hefur líklega verið nógu laus í sér til að ánamaðkar gætu þrifist á




Context skrá

nr.	tegund	þykkt	staðsetning	fundir	aldur
1	grasrótt	6-10 cm	yfir öllum skurði	sjá 2	Yngra en C2.
2	maðkétin mold - blandlag	16-175 cm	yfir öllum skurði. Vestan C9 nær lagið (niður að C4) að 12,51 m.y.s. en ekki var hægt að greina þetta lag frá fyllingu í gröfum austan C8 og fær hún því sama nr.	478	Yngra en C3, C4, C7-9 og C13-19.
3	grjótgarður	40-50 cm	x 0,62 y 0,02 - x 3,46 y 0,02 - x 1,40 y 0,46 - x 1,52 y 0,98 - x 0,90 y 0,98. Toppur 12,75 m.y.s.; botn 12,05 m.y.s.		Eldra en C2. Yngra en C5 og þar með C7-9. Seinni hl. 18. aldar.
[4]	Ljósari og leirbornari mold neðst í C2.	9-30 cm	Vestan C9 (x 6,37). Milli C3 og C9 er lag þetta milli 12,51 m.y.s. og 12,37 (austast) - 12,17 (vestast). Vestan við C3 nær lagið niður á 12,21 m.y.s.]	203	Eldra en C2. Yngra en C5
5	Einsleitt leirblandað moldarlag	3-14 cm	x 3,44 - 6,37. Toppur 12,35 m.y.s. botn 12,13 m.y.s.	19	Eldra en C4 (og C3?). Yngra en C10 og þar með C7-9.
6	Sótlinsa - yfirborðslag?	3-5 cm	x 1,53 y 0,73 - x 2,22 y 0,78 - x 2, 31 y 0,97. Toppur 12,43 m.y.s.	2	Eldra eða jafngamalt og C4. Yngra en C5.
7	Veggur	34 cm	x 7,36 y 0,05 - x 9,11 y 0,06 - x 9,56 y 0,96 - x 7,66 y 0,96. Toppur 12, 51 m.y.s., botn 12,17 m.y.s.		Eldra en C10 og C5 og þar með C3. Jafnagamalt eða eldra en C9. Jafngamalt eða yngra en C8. Yngra en C13-19 og yngra en 1500. Líklega 17. eða 18. öld.
8	Ljósgult feitt moldarlag	a.m.k. 10 cm	Austanmeð C7 á x 9, 18 y 0,5 - x 9,44 y 0,06 - x 9,78 y 0,96 - x 9,57 y 0,96. Toppur 12,17 m.y.s.	17	Jafnagamalt eða eldra en C7. Yngra en C13-19.
9	Stétt	a.m.k. 24 cm	Vestanmeð C7 á x 6,40 y 0,05 - x 7,29 y 0,04 - x 7,58 y 0,94 - x 6,38 y 0,96. Toppur 12,48 m.y.s.		Jafnagamalt eðayngra en C7. Yngra en C11. Eldra en C10.

1 0	Torfblandað moldarlag	16-26 cm	x 3,04 - x 6,40	21	Eldra en C5 og C3. Yngra en C9 og C11.
1 1	Leirblönduð, lagskipt mold með torf- og sótlinsum	46-74 cm	x 2,91 - x 6,17	6	Eldra en C10. Yngra en C12, 20, 21 og 22.
1 2	Móaska - ruslahaugur?	3+ cm	Vestan við x 4,02		Eldra en C11. Yngra en C 20.
1 3	Gröf 5 - holrými	20-39 cm	x 10,14 y - 0,08 - x 10,22 y 0,32 4 - x 11,03 y 0,10 - x 10,88 y - 0,14 Toppur 11,50, botn 11,11 m.y.s.		Eldra en C7-9. Yngra en C19.
1 4	Gröf 1 - upphækkað kistulok		x 10,85 y 0,73 - x 10,93 y 0,98 - x 11,30 y 0,56. Toppur 11,01 m.y.s.		16.-18. öld.
1 5	Gröf 2 - flatt kistulok		x 10,60 y 0,81 - x 10,32 y 0,90 - x 10,68 y 0,99. Toppur 11,19 m.y.s.		Eldra en C7-9.
1 6	Gröf 3 - flatt kistulok		x 10,86 y 0,38 - x 10,95 y 0,54 1 sýni - x 10,32 y 0,84 - x 10,32 y 0,55. Toppur 10,99 m.y.s.		Eldra en C7-9. Eldra en C13?
1 7	Gröf 4 - rótuð hauskúpa og fleiri bein		Miðja: x 11,06 y 0,25. Toppur 11,00 m.y.s.		
1 8	Gröf 6 - rótaðar beinaleifar		Miðja: x 10,78 y 0,10. Toppur 11,17 m.y.s.		
1 9	Gröf 7 - flatt kistulok		x 11,05 y 0,11 - x 11,22 y 0,01 - x 11,02 y 0,01. Toppur 11,05 m.y.s.		
2 0	Svart, feitt lag	11+ cm	Vestan við x 4,49. Toppur 11,37 m.y.s.		Eldra en C11 og 12. Yngra en C21.
2 1	Grjótgarður	21+ cm	x 4,38 y 0,14 - x 4,95 y 0,08 - x 5,08 y 0,98 - x 4,50 y 0,99. Toppur 11,52 m.y.s.		Eldra en C21 og C11.
2 2	feitt, blandað moldarlag	5+ cm	Austan við x 5,01. Toppur 11,35 m.y.s.		Eldra en C11.

meira en meters dýpi. Telja verður að þeir séu ástæðan fyrir því hversu óljós skilin milli C2 og C4 eru og það að jarðefni hafa flust á milli þessara laga gerir ómögulegt að líta á C4 sem aðskilið lag. Það verður því ekki notað hér nema til að staðsetja lausafundi.

C2 (+C4) er yngra en grjótgarðurinn C3. Í moldarlögunum var mikið af lausafundum, en tíðni þeirra minkaði eftir því sem austar dró í skurðinum. Það bendur til að lausafundirnir standi í sambandi við bæjarhólinn, séu rusl sem dreifst hefur jafnt útfrá bæjarhúsunum.



Gripirnir eru af allra venjulegasta tagi frá 18. og 19. öld. Krítarpípubrotið Nes95081:A sem

fannst neðarlega í C4 vestan við grjótvegginn C3 er með merki sem bendir til að pípan hafi verið framleidd í Gouda í Hollandi á 18. öld.¹ Það bendir til að veggurinn geti ekki verið yngri. Mjög lítið var af gripum frá 20. öld og bendir það til að mjög hafi dregið úr umsvifum á þessu svæði einhverntæima á 19. öld. Þó fundust nýlegir naglar á um 0,5 m dýpi



Mynd 6. Krítarpípubrot Nes 95081:A. 1:1. Teikning: Ragnar Edvardsson. vestanvið C3 innan um miklu eldri gripi og gæti það bent til að þar hafi átt sér stað meira rask en austanvið. Gripir geta þó troðist mjög djúpt niður og sérstaklega þar sem er mikil umferð ánamaðka.

Grjótgardurinn C3 er vel hlaðinn af meðalstóru grjóti og hefur ekki verið mjög hár því hann er ekki nema rúmlega 0,6 m breiður í botninn. Svo heppilega vildi til að skurðurinn lenti beint á suðvesturhorni garðsins og sjást í skurðinum um 2,5 m af suðurhliðinni og 1 metri af vesturhliðinni. Af garðinum standa enn þrjú til fjögur umför og er fjórða umfarið á suðurhliðinni úr frekar litlu grjóti. Hugsanlegt er og raunar lísklegt að suðurhliðin og vesturhliðin hafi ekki verið hlaðnar við sama tækifæri því hleðslan gengur ekki saman og er meira af smágrjóti í suðurhliðinni. Ekki er gott að segja hvor hliðin hefur verið hlaðin fyrr en líklegra að það hafi verið vesturhliðin þar sem botn hennar er lítillega dýpri en suðurhliðarinnar. Suðurhliðin sýnist skera lag C10 og bendir það til að áður en byrjað var að hlaða garðinn hafi torf verið rist og grafið niður um 0,2 metra. Ekki sáust neinar vísbendingar um að garður hafi verið á þessum stað áður en þessi var byggður en það verður þó ekki útilokað vegna þess hve rannsóknarsvæðið var takmarkað. Suðurhliðin snýr heldur norðar en rétt vestur en hefur hinsvegar sömu stefnu og veggurinn og stéttin C7-9 og grafirnar C13-19 og bendir það til að garður þessi standi í samhengi við kirkjuna eða hafi a.m.k. verið hlaðinn með hliðsjón af stefnu hennar.

Í krikanum sem garðurinn myndar var sótlinsa neðarlega í C2 (C4) og var henni gefið

¹ Gulløv & Kapel 1979, 143; Steensberg & Østergaard Christensen 1979, 298-99, planche 139. Haus með sambærilegu merki hefur einnig fundist í 18. aldar lögum á Stóruborg undir Eyjafjöllum.

númerið C6. Hún var víðast ekki nema um 2-3 cm á þykkt og náði um 0,8 m í austur frá vesturhliðinni en fjaraði út í suður um 0,3 - 0,5 m frá suðurhliðinni. Linsa þessi var allhörð og gæti hér verið um einhverskonar yfirborðslag að ræða. Undir þessari linsu var grjótdreif sem líklega tengist garðinum á einhvern hátt því hún náði ekki lengra í austur en að $\times 2,80$. Líklega er um að ræða hrun úr garðinum.

Austan við garðinn (C3) var undir C2 (+C4) annað moldarlag, sem skar sig frá efta laginu að því leyti að það var ljósara og leirkendara, þéttara, harðara og mjög lítið hreyft. Aðeins var vottur af ösku og kol og sót < 0,1 %. Lag þetta var víðast um 10 cm þykkt en varð lítilfjörlægra eftir því sem vestar dró. Ekki var augljóst hvort lag þetta er yngra en C3 eða hvort það hefur hlaðist upp eftir að garðurinn var hlaðinn. Líklegt er að efri mörk C5 séu ekki eiginleg skil á milli laga heldur neðri mörk ánamaðkaferðar. Svipað hlutfall var af gripum í þessu lagi og hinum efri en áberandi minna af leirkjabrotum.


Undir C5 milli grjótgarðsins C3 og stéttarinnar C9 er um 0,2 m þykkt moldarlag blandað

með torfi og var það kallað C10. Moldin er dekkri en í C5 og með afarlitlu af aðskotaefnum og sambærilegu fundasafni en þó minna af gripum/m³. Mjög var mismikið af torfi í lagi þessu; austantil, upptíð C9 og á um annan metra vestur með syðri skurðbrún var allþétt af mjög smáum torfusneplum og dró úr þeim eftir því sem vestar dró. Vestan við 2,20 var ekki grafið niður á lag þetta en þar austan við og á þriðja metra austur með nyrðri skurðbrún voru allstórar torfur sem þó tilheyrðu greinilega ekki neinni hleðslu. Allbreiður torflaus geiri var milli þessara tveggja torfsvæða í C10 og

var moldin þar mjög einsleit og lítið hreyfð. Lag þetta hefur hlaðist upp að stéttinni C9 en

Mynd 7. Skipurit (Harris matrix) er sýnir afstöðu contextanna í ND.

grafið hefur verið í gegnum það þegar grjótgarðurinn C3 var byggður. Það bendir til að stéttin og þá væntanlega veggurinn C7 hafi enn verið ofanjarðar þegar garðurinn var hlaðinn. Líklegt er lagið C10 hafi orðið til við einhverjar framkvæmdir í nágrenninu, annaðhvort vegna að



verið var að byggja torfvegg og afskorningar og ónýtar torfur hafa troðist niður á þessu svæði, eða vegna þess að torfveggur hefur verið rifin og efninu úr honum jafnað út á þessu svæði. Torfið í C10 var allt af sama tagi, misljósir blettir og engin gjóska, en það er samskonar torf og er í torfvegnum C7. Ekki er óhugsandi að C10 sé efni úr torfvegnum C7 sem hafi verið jafnað út þegar grjótgarðurinn C3 var hlaðinn. Þá væri moldarlagið C5 yngra en grjótgarðurinn C3 enda er það vel hugsanlegt.

Yfirborð laganna C5 og C10 lækkar til vesturs og bendir það til að þessi staður sé austan við bæjarhóllinn þar sem yfirborðið hefur eitt sinn hækkað aftur til austurs, upp að kirkjunni sem hefur þá staðið á lágum hól eða bungu.

Austan við C7-9, í skurðendanum voru fjórir allstæðilegir steinar ofarlega í C2. Þessir steinar voru ekki hluti af neinskonar mannvirki en voru af þeirri stærð að þeir gætu hafa komið úr hleðslu og er hugsanlegt að þeir hafi verið rífnir úr henni við sama tækifæri og veggjarefninu sem myndar C10 var jafnað út vestan við C7-9.

Torfblandlagið C10 hefur hlaðist upp að vesturbrún allverklegrar stéttar (C9) sem lögð hefur verið meðfram vesturhlið torfveggjar (C7) sem liggar norður-suður í sömu stefnu og grjótgarðurinn C3. Torfveggurinn C7 er allmikið mannvirki. Torfhleðslan er um 1,5 m á breidd í botninn og þar utan við hafa verið settir steinar. Peir sýnast þó ekki vera hluti af hleðslunni; þeir eru bæði heldur ávalir og standa heldur gisið til að vera sannfærandi hleðslugrjót, og þar að auki snúa þeir sumir brúnum upp þannig að erfitt er að sjá hvernig annað grjót hefði tollað ofaná þessum. Ekki var augljóst hverskonar torf hefur verið notað í vegginn - helst sýndist það vera strengur. Í honum voru hér og þar gjóskudflar og var sú gjóska greind sem Katla ~1500. Eins og áður hefur verið getið um er hugsanlegt að vegg þessum hafi verið rutt niður, en aðeins 0,2 - 0,3 m eru eftir af þykkt hans, eftir því sem næst verður komið, og þó að aðeins 0,4 m séu niður á hann frá núverandi yfirborði þá sjást enginn merki um hann á því. Það gæti bent til að hann hafi verið sléttáður alveg niður á þáverandi yfirborð og þess vegna ekki skilið eftir sig neina bungu. Í sömu átt bendir að sitthvorumeginn við vegginn en ekki ofan á honum var allmikið af smágrjóti. Hvorug dreifin náði lengra en um 1 m útfrá veggbrún austanmeginn og stéttarbrún vestanmeginn sem bendir til að smágrýti þetta standi í sambandi við vegginn og stéttina og hafi dreifst svona er sléttáð var úr veggnum.

Meðfram veggnum vestanmeginn er vandlega lögð stétt (C9), um 1,0 - 1,2 m breið. Það sem af henni sést í skurðinum hefur ekki alveg sömu stefnu og veggurinn, en það þarf ekki að vera marktækt - skurðurinn er mjór og mannvirki af þessu tagi ekki alltaf þráðbein. Innanum grjótdreifina sem var yfir stéttinni og vestan við hana (í C2) voru þrír litlir steinar sem lágu í röð og snéru norður-suður. Svo vill til að þeir lágu beint ofaná vesturbrún stéttarinnar en hvort það var tilviljun ein eða hvort þeir standa í einhverju samhengi við stéttina skal ósagt látið. Ekki var hægt að skera úr um hvort stéttin var lögð við sama tækifæri og veggurinn var hlaðinn. Það

verður þó að teljast líklegt því botn steinanna í stéttinni er talsvert lægri en botn steinanna sem lagðir hafa verið neðst í torfvegnum. Frekar en að það þýði að stéttin sé miklu eldra mannvirki sem veggurinn var hlaðinn meðfram er sennilegra að stéttin og torfveggurinn hafi verið byggð á sama tíma, en grjótið meðfram torfhleðslunni sett eftir að stéttin var lögð. Er jafnvel hugsanlegt að steinaröðin meðfram veggnum sé talsvert yngri en hann og stéttin. Úr því fæst þó ekki skorið nema með því að grafa í gegnum vegginn og komast að því hyað torfhleðslan nær djúpt en það var ekki gert sumarið 1995.

Meðfram steinalögninni austanmeð torfvegnum var ákaflega mjúkt og ljóst moldarlag (C8). Lag þetta var afarfeitt, nálega eins og smjör viðkomu. Það er aðeins um 0,2 m breið rönd og fylgir veggnum algerlega - snýr eins og hann frá norðri til suðurs. Yfirborð þessa lags er þó undir botni steinanna sem eru meðfram torfvegnum og er það illskiljanlegt nema því aðeins að steinarnir séu lagðir alllöngu eftir að torfveggurinn var hlaðinn. Í C8 var afarhátt hlutfall af lausafundum, og var hvergi hærra hlutfall gripa/m³ í skurðinum nema vestan við C3. Fundasafnið var svipað að samsetningu og í C5 og C10 og í því var meðal annars gult múnsteinsbrot sem bendir til 18. aldar eða seinni tíma. Ekki var grafið niður úr laginu.

Ekki er augljóst hvernig túlka á lagið C8. Hugsanlegt er að það sé fylling í mjóu ræsi sem grafið hefur verið meðfram veggnum til að veita frá honum vatni. Áþekkt ræsi hefur fundist meðfram torfvegg í hringлага garði í Gerði á Akranesi en þar var ræsið utanmeð veggnum.¹

Veggurinn C7 með stéttinni C9 eru allstæðileg mannvirki og hefði verið eðlilegt að túlka vegginn sem húsvegg ef einhver merki hefðu fundist um gólf í tengslum við hann. Þar sem greinilega er ekki um neitt slíkt að ræða hlýtur veggurinn að vera kirkjugarðsveggur, því varla koma annarskonar garðög til greina á þessum stað. Eins og áður hefur komið fram eru veggurinn og stéttin eldri en grjótgardurinn C3, en tæplega miklu því bæði mannvirkini hafa verið ofanjarðar þegar C3 var hlaðinn. Að veggurinn sé yngri en 1500 má ráða af gjóskublettunum sem í honum eru, en ástæða er til að ætla að hann hafi verið hlaðinn nær 18. öld en þeirri 16.

Austan við C7-9 var grafin um 0,8 x 1 m breið hola og á um 11,50 m.y.s. var komið niður í holrúm, víðast um 0,25 m hátt, en botn þess var á 11,10 m.y.s. (C13 - gröf 5). Aðeins norðausturhluti þess sást í niðurgreftrinum og náði það a.m.k. 0,15 m lengra í vestur og 0,2 m lengra í suður, en ekki var potað mikið innundir brún niðurgraftarins af ótta við að hún myndi hrynda, og er líklegt að holrúmið nái allmiklu lengra í vestur a.m.k. Engin bein voru í holrúmi þessu en fyrir viðarleifum vottaði í köntum og í botninum var greinileg beinamold. Holrúm þetta er því gröf einstaklings sem snúið hefur austur-vestur og hafa bein og líkkista rotnað gersamlega vegna súrefnisins í holrúminu. Í holrúminu og mold sem hrundi hafði úr þaki þess

¹ Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 1992, 52.

fannst krítpípubrot auk ókennilegs járnhlutar, járnnagla og viðarbúts sem gætu verið úr kistunni (Nes95:171-174).

Í botninum í austurenda holrýmisins fundust leifar af höfdukúpu (fremri hluti ofan við augntóftir) og tægjur úr öðrum beinum á um 0,15 x 0,15 m bletti (C18 - gröf 6). Hér er greinilega um að ræða bein sem rótað hefur verið til þegar grafið var fyrir gröf 5 (C13) og þeim kastað til fóta hins nýja 'sbúa' grafarinnar.

Í norðausturhorni niðurgraftarins var komið niður á suðvesturhorn á kistu (C14 - gröf 1) og var hæsti punktur hennar á 11,00 m.y.s. Kista þessi er með upphækkuðu kistuloki sem sýnist að hafa verið allvönduð smíð. Lokið er að mestu fallið saman en þó ekki alveg niður í kistuna og sást að holrúm er enn undir því. Um 0,2 m vestan við vesturenda kistunnar í gröf 1 var strax komið á annað kistulok á 11,19 m.y.s (C15 - gröf 2). Kistulok þetta var flatt. Fast sunnan við þetta kistulok er annað á 10,99 m.y.s. (C16 - gröf 3) og eru aðeins um 7 cm milli kistanna. Af þessu kistuloki sáust um 0,6 m af lengdinni en það var hinsvegar einkennilega mjótt, aðeins um 0,3 m þar sem það er breiðast. Þó ekki sæust skýr merki um það er líklegt að suðurhlið þessarar kistu hafi skaddast þegar gröf var tekin sunnan við hana, líklega gröf undir gröf 5 (C13) frekar en hún sjálf þar sem botn holrúmsins er um 11 cm hærri en kistulokið í C16. Við uppgröftinn brotnaði lítill bútur af austurenda kistuloksins C16 og var það tekið sem sýni (Nes95:176) og hefur það greinst sem mjúkviður (t.d. greni eða fura) en endanlegar niðurstöður liggja enn ekki fyrir.¹ Austan við kistulokið C16 var stök höfuðkúpa og undir henni, austan og sunnanmeginn, handleggs og leggjabein á 11,00 m.y.s. (C17 - gröf 4). Höfuðkúpa þessi horfir í vestur og er eins með hana og beinaleifarnar í C18 að henni hefur verið rutt til þegar ný gröf var tekin - hugsanlega gröf 3 (C16). Sunnan við höfuðkúpu þessa glitti í norðvesturhorn af sléttu kistuloki á 11,05 m.y.s. (C19 - gröf 7).

Alls fundust því í þessum litla niðurgrefti leifar eftir 7 grafir og hafði tveim verið raskað til að koma fyrir nýjum gröfum. Ljóst er því að í þessum hluta kirkjugarðsins hefur verið afar þétt grafið og eflaust um alllangt skeið þó ekki verði af þessum vitnisburði greint hversu lengi hefur verið grafið á þessum slóðum. Lítið verður sagt um innbyrðis aldur grafanna, annað en að beinaleifarnar C18 eru eldri en holrúmið C13 og að höfuðkúpan C17 er eldri en bæði holrúmið C13 og líkkistan C16. Kistulokin eru öll í svipaðri hæð, eða á milli 10,99 og 11,19 m.y.s. og eru því líklega öll frá svipuðu tímabili. Holrúmið er hinsvegar sennilega yngra en allar hinar grafirnar þó ekki sé óhugsandi að grafir hafi verið teknar misdjúpt á sömu tímaskeiðum. Aðeins sá í austurenda kistuloksins C 15 í niðurgreftinum og sé hún meira en 1 metra löng, sem líklegt er ef í henni er fullorðinn einstaklingur, þá hefur verið tekið fyrir þessari gröf áður en veggurinn C7 var byggður. Jafnvel ef kista þessi er aðeins um 1 metri þá er vesturendi hennar svo fast undir austurbrún veggjarins C7 að ólíklegt verður að teljast að hann hafi verið til þegar gröfin

¹ Sbr. Garðar Guðmundsson 1995.

var tekin. Þessar vísbendingar eru ekki óyggjandi en líklegt verður samt að teljast að þar sem kistulokin eru öllu frá svipuðum tíma þá séu þau öll sömuleiðis eldri en veggurinn C7. Botn hans gefur þá vísbendingu um yfirborðið sem grafirnar hafa verið tekna niður úr, eða um 12,20 m.y.s. Aðeins holrúmið C13 gæti verið gröf sem tekin var eftir að vegginn C7 var hlaðinn. Upphækkuð kistulok eins og það sem fannst í C14 eru innflutt tíska sem barst til landsins á 18. öld og leysti á skömmum tíma kistur með flötu loki eða stokkalagi af hólmi.¹ Miðað við að grafirnar eru eldri en C7-9 sem aftur eru eldri en C3 sem er frá seinni hluta 18. aldar en yngri en 1500, þá er líklegasta tilgátan að fyrir utan holrúmið C13 séu þær í fyrsta lagi frá 17. öld og líklega frá fyrri hluta 18. aldar.

Þegar grafið var niður milli C3 og C9 var undir C10 komið niður á allþykkt (0,5-0,6 m) lag af þéttri grábrúnni leirblandaðri mold (C11). Lag þetta er samsett af mörgum smáum linsum, sem allar eru þó úr líku efni og með líku hlutfalli aðskotaefna. Í lagi þessu var meira af dýrabeinum en í efri lögunum, og áberandi meira af fiskibeinum og skeljum, en flest voru þau í of lélegu ástandi til að hægt væri að hirða þau. Þar sem lagið er mjög blautt og þétt hafa varðveisit í því ýmiskonar lífrænar leifar, einkum trefjar af grösum, en allt slíkt hvarf ef það var snert. Í lagi þessu voru allnokkrar sótlinsur, sumar meir en 2 cm á þykkt og mikið af viðarkolum (<0,5 %) en lítið af annari ösku, móaska ekki meir en <0,05 %. Austast í lagi þessu sást í sniði stakur torfhnaus sem gæti staðið í tengslum við torfvegg eldri en C7 undir honum eða C9. Afarlítið var af lausafundum miðað við m³ í C11 og var fundasafnið allólfkt því sem var í efri lögum. Í laginu voru engin leirkjabrot, glerbrot, múnsteinabrot eða aðrir gripir sem finnast í lögum frá 18. öld og síðar og er því sennilegt að lag þetta sé frá 17. öld eða fyrr. C11 hefur hlaðist upp á löngum tíma en allan þann tíma úr áþekku efni sem tengist frekar mannaferð heima við bæ en kirkjugarð.

Vestantil í niðurgreftinum var undir C11 komið niður á bleikt og hart móöskulag (C12). Móöskulag þetta endaði við x 4,00 en varð þykkara eftir því sem vestar dró. Móaska þessi var blönduð mold (<10 %) og viðarkolum og sóti (<5 %) og er greinilega öskuhaugur frá bæjarhúsum í Nesi.

Austar en austurendi öskuhaugsins C12 var undir C11 komið niður á grjótlögn sem lá þvert á skurðinn milli x 4,40 og 5,00 (C21). Aðeins tvö umför af steinum eru eftir í grjótlögn þessari og eru steinarnir ekki þykkir og frekar flatir. Steinarnir eru í ljósari mold en finnst í lögunum til beggja hliða. Líklegt er að þetta sé grjótveggur af svipaðri gerð og C3 en ekki er óhugsandi að um illa lagða stétt sé að ræða. Ef svo er þá hefur verið bætt í hana steinum smátt og smátt eftir því sem hún sökk í drulluna sem þarna hefur verið. Grjótlögnin C21 hefur aðeins aðra stefnu en grafirnar C13-19, veggurinn og stéttin C7-9 og grjótgarðurinn C3, en það munar þó ekki svo miklu að það útiloki að lögn þessi standi í samhengi við kirkjugarðinn. Hinsvegar

¹ Skálholt 1, 142; Jónas Jónasson 1945, 303.

er hún á svo miklu dýpi að hún hlýtur að vera miklu eldri en grafirnar sem sáust í skurðinum. Austan við grjótlögn þessa var allmikið af steinum á stangli en ekki var sýnilegt neitt skipulag á þeim og eru þeir sumir a.m.k. líklega ættaðir úr grjótlögninni C21 sem hefur þá hrunið til austurs.


Vestan við grjótlögnina C21, undir C11 og C12 er kolsvart en mjög mjúkt lag (C20). Það er úr svipaðri blöndu af mold og leir og C11 en með miklu meira af kolum og sóti, sem hafa litað lagið. Ekki fundust neinir gripir í þessu lagi eða önnur aðskotaefni. Lag þetta hefur öll einkenni gólfs önnur en hvað það er mjúkt og verður að telja líklegt að það hafi orðið til í nánd við eldstæði.

Austan við grjótlögnina C21 breytist C11 í sömu hæð og C20 tekur við vestanmeginn um 11,35 m.y.s. Lag þetta (C22) er lagskiptara en C11, feitara og blautara og í því meira af kolum og smásteinum en minna af öðrum aðskotaefnum. Einnig var ámóta mikið af morknum beinum, skeljum og grasatrefjum í þessu lagi eins og í C11.

Engir gripir fundust í lögunum C20 eða C22, en ekki var grafið í gegnum þessi lög og verður lýsing þeirra því ófullkomin.

Gripir. Alls komu í ljós við uppgröftinn í skurði ND 541 gripur fyrir utan dýrabein sem ekki voru talin. Af þessum voru langflestir eða 474 í C2 (+C4). Fundasafnið er í heild af venjulegasta tagi og engir gripir fundust sem teljast geta sérstaklega markverðir. Samsetning fundasafnsins er dæmigerð fyrir tilviljanakenda dreifingu rusls í hlaði og kringum bæjarhús.

Eins og sést af mynd 7 var hæst hlutfall af lausafundum per m³ vestast í skurðinum og minkaði síðan jafnt eftir því sem austar dró, fyrir utan C8 þar sem hlutfallið var afarhátt (340 gripir per m³). Þetta á við um lögum C2 (+C4), C5 og C8. Í eldri lögum C10 og C11 voru gripirnir of fáir til að hægt væri að greina marktækan mun á dreifingu. Hið háa hlutfall af gripum í C8 styrkir þá kenningu að þar sé um að ræða ræsi sem í hefur safnast laust rusl af yfirborði. Að öðru leyti bendir þessi dreifing lausafundanna til að skurðurinn sé tekinn skammt frá híbýlum manna en nái þó út (austur) fyrir helsta athafnasvæðið. Þessi niðurstaða er að



Mynd 8. Einfolduð sniðteikning af ND sem sýnir dreifingu gripa/m³. Þverstrikað merkir meir en 300 gripir/m³, en þéttstu lóðréttu lífnurnar 81-100 gripir/m³, þær næstþéttstu 61-80 gripir/m³ og þannig koll af kolli en á skástrikuðu svæðunum voru 1-20 gripir/m³ og neðst í skurðinum voru engir gripir.

	2	%	4	%	2+4	%	5	%	6	%	8	%	10	%	11	%	13	%	Alls	%
Múrsteinn	129	43,4	54	30,6	183	38,6	8	42,1			7	41,2							198	36,5
Gler	66	22,3	38	21,5	104	21,9	2	10,5	1	50,0	2	11,7							109	20,1
Leirker	63	21,2	36	20,3	99	20,9	2	10,5			1	5,9	4	19,1					106	19,5
Járnaglar	15	5,1	28	15,8	43	9,1	1	5,3			5	29,4	10	47,6	1	20,0	1	33,3	61	11,3
Krítarpípur	9	3,1	13	7,3	22	4,6	5	26,3			1	5,9	1	4,8					29	5,6
Annað járn	7	2,4	3	1,7	10	2,1					1	5,9	5	23,8	1	20,0	1	33,3	18	3,2
Gjall	4	1,3	2	1,1	6	1,3	1	5,3							1	20,0			8	1,5
Sleggjur	4	1,3			4	0,8													4	0,7
Steinn			2	1,1	2	0,4													2	0,4
Viður									1	50,0							1	33,3	2	0,4
Brýni												1	4,8	1	20,0				2	0,4
Vaðsteinn															1	20,0			1	0,2
Vikur			1	0,6	1	0,2													1	0,2
Samtals	297	100	177	100	474	100	19	100	2	100	17	100	21	100	5	100	3	100	541	100

Tafla sem sýnir tegundir gripa í ND, fjölda þeirra og hlutfall í hverju contexti.


Sjálfssögðu í góðu samræmi við að bæjarrúðin hafi á 18. öld staðið fast austan við þar sem Nesstofa er nú og að kirkjan hafi verið þar fyrir austan, þar sem nú er lóðin Neströð 7.

Í efri lögunum C2-4, C5 og C8 bar mest á múnsteini, leirkjabrotum, glerbrotum, bæði úrrúðum og flöskum (þ.m.t. nokkur meðalaglös), járnköglum og krítarpípum. Í eldri lögunum C10 og C11 var hvorki gler né múnsteinn en hinsvegar svipað magn af krítarpípubrotum og í efri lögunum, en meira af gripum úr járni og steini, þ.m.t. vaðsteinn og brýni en engir slíkir gripir komu í ljós í efri lögunum. Sennilegt er að múnsteinar hafi ekki verið fluttir út í Nes fyrr en við byggingu stofunnar og afar hæpið að þeir hefðu getað borist þangað fyrir miðja 18. öld. Gler og leirker í þessu magni eru yfirleitt einkenni fundasafna frá 17. öld og síðar. Fundasafnið í C10 og þó einkum og sérflagi í C11 er hinsvegar dæmigert fyrir eldri tíma þó ekki sé ástæða til að ætla að það sé frá miðöldum.

II B. Skurður NE

Skurður NE var 1 x 1 m hola sem grafin var 10. júlí 1995 til að taka sýni sem gefið gætu upplýsingar um ástand jarðvegs í túninu og um varðveislusluskilyrði lífrænna leifa. Skurðurinn var 6 m austan við túngarð beint vestur af norðvestur 'horni' stóra gerðisins nr 8. Ekki voru neinar mannvistarleifar í skurði þessum og er sniði hans og þeim sýnum sem tekin voru lýst í skýrslu Garðars Guðmundssonar *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn II*.

